

AUGLÝSING

106

15. júní

um gjald samkvæmt heimild í samþykkt frá 28. maí 1957 um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 1. gr. samþykktar frá 28. maí 1957, um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948 hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðið, að gjald fyrir hvert leyfi, sem veitt kann að verða, samkvæmt a- og b-liðum greinarinnar, skuli vera kr. 20000.00 árlega og greiðast ársfjórðungslega fyrirfram.

Ofanskráð gjaldskrá staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um lokunartíma sölubúða og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

107

29. júní

um nýja lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. júlí 1957 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 29. júní 1957. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá II frá 1. júní 1956.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. júní 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

108

1. júlí

um kjötskoðun í Reykjavík.

Samkvæmt 11. grein laga nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., skal, frá 1. júlí 1957, dýralæknisskoðun á öllu kjöti, sem skoða ber í Reykjavík, fara fram í húsnæmnum Sláturfélags Suðurlands við Skúlagötu.

Gjald fyrir kjötskoðunina er ákveðið:

Fyrir hvern skrokk af stórgripum	kr. 35.00
Fyrir hvern svínsskrokk	— 35.00
Fyrir hvern kálfsskrokk	— 15.00
Fyrir hvern kindarskrokk	— 3.00

Í ofangreindu gjaldi er innifalið hið lögboðna mats- og skoðunargjald.